


# Bóka tíma

Last Modified on 19/06/2026 2:12 pm BST

## Að bóka tíma

Til að bóka tíma þarftu að:

1. Smella á þann tíma sem þú vilt bóka á dagatalinu. T.d. hér vil ég bóka tíma á miðvikudegi kl 10 hjá Birnu.




2. Fylla inn þær upplýsingar sem þú vilt. Nafn er nauðsynlegt. Símanúmer þarf ef þú vilt senda sms og email ef þú vilt að það sendist staðfesting um tímabókun á emaili. Ef viðskiptavinur hefur komið áður í tíma getur þú smellt á viðskiptavininn.

**Birna @ 10:00** - mið 24

**Viðskiptavinur**

**Nafn**

**Símanúmer**

 +354

**Kennitala**

**Netfang**

3. Velja þá þjónustu sem viðskiptavinurinn er að koma í.

**Birna @ 10:00** - mið 24
✕

**Viðskiptavinur**

Nafn  
Sara Jónsdóttir

Simanúmer  
+354 528 0080

Kennitala

Til að rúkka skróppgjöld er nauðsynlegt að vita kennitölu viðskiptavinar.

Netfang

Minnispunktur sem fylgja viðskiptavini

Bæta inn í viðskiptavinhóp

**Nýr tími**

**Fyrsta heimsókn**

Timasetning 24 jún 2026 · 10:00

Endurtaka Aldrei >

Þjónusta  
Ekkert valið

KLIPPINGAR

- Herraklipping (30 min • 10.000 ISK)
- Dömuklipping (40 min • 12.000 ISK)

SEM CATEGORIA

- Strjúpur og klipping (105 min • 22.000 ISK - 32.000 ISK)
- Litun á augnhár og brúnir (30 min • 8.000 ISK)
- Nudd (50 min)


Sérþökun

Bókunarstaðfesting í tölvupósti

Senda bókunarboð
Bóka tíma

#### 4. Smella á "Bóka tíma".

Þá ertu búinn að bóka tímann í dagatalið.



#### Færa tíma

Þegar að tími hefur verið búinn til er alltaf hægt að færa hann til í dagatalinu. Þannig þarftu ekki að búa til nýjan tíma ef skipulagið breytist. Þegar þú smellir á tímanna getur þú séð ofarlega til hægri "Færa" takkann:

**Birna @ 10:00** - mið 24

**Viðskiptavinur**

Nafn  
Sara Jónsdóttir

Símanúmer  
+354 528 0080

Kennitala

Til að rukka skróppjöld er nauðsynlegt að vita kennitölu viðskiptavinar.

Netfang

Minnispunktur sem fylgja viðskiptavini

Bæta við skrá

**Valinn tími** Breytingasaga

Mæting SMS **Færa** Afrita

Timasetning 24 jún 2026 · 10:00

Endurtaka Aldrei >

Þjónusta

**Dömuklipping (40 min · 12.000 ISK)**

Heiti þjónustu  
Dömuklipping

Tegund tíma Lengd (min)

Venjulegur 40


Pása  
0

Samtals: 40 mín


Eyða Afgreiða Vista

Þegar þú smellir á hann færðu tímann sem lítinn reit sem fylgir músinni þinni. Þannig getur þú farið og valið nýja dagsetningu → smellt þar sem tíminn á að vera og hann mun hoppa þangað!

Prófum að færa tímann hennar Söru fram á föstudaginn kl 10, vikuna eftir:



Þú getur líka sparað þér tíma og verið enn fljótari að færa tíma með því að hægri smella á þá og velja færa?



Eins og þú gætir hafa tekið eftir færðu upp valmöguleikann hvort þú viljir láta viðskiptavininn vita af því að tíminn hafi verið færður eða ekki. Með því að smella á "Færa og senda" sendir þú út tölvupóst og tilkynningu í Noona appið (ef viðskiptavinurinn er með það). Ef viðskiptavinurinn er hins vegar t.d. fyrir framan þig að biðja um að færa tímann getur verið óþarfi að senda út tilkynningu.

## Færa og láta vita



Pú ert að breyta tímasetningu á bókun. Viltu láta viðskiptavininn vita með tölvupósti og/eða tilkynningu í Noona appið?

Færa án tilkynningar

Færa og senda

## Afrita tíma

Pú getur á fljótlegan hátt bókað viðskiptavin aftur í sömu þjónustu með því að afrita tíma.

Það er gert á mjög svipaðan hátt og að færa tíma. Pú getur annað hvort smellt á tímanna og valið "Afrita" eða hægri smellt á tímanna og valið afrita þar.

### Birna @ 10:00 - fös 3

Viðskiptavinur

Nafn  
Sara Jónsdóttir

Simanúmer  
+354 528 0080

Kennitala

Til að rukka skrópgjöld er nauðsynlegt að vita kennitölu viðskiptavinar.

Netfang

Minnispunktur sem fylgja viðskiptavini

Bæta við skrá

Valinn tími

Breytingasaga

Mæling SMS Færa Afrita

Tímasetning 3 júl 2026 · 10:00

Endurtaka Aldrei >

Þjónusta

Dömuklipping (40 min • 12.000 ISK)

Heiti þjónustu

Dömuklipping

Tegund tíma Lengd (min)


Venjulegur 40

Pása 0

Samtals: 40 min

Eyða Afgreiða Vista

Tökum dæmi að Sara sé búin í dömuklippingu og langar að koma aftur eftir 4 vikur. Við smellum þá á tímanna hennar → veljum afrita → smellum á tímastikuna við hliðina á "Í dag" → Veljum "Eftir 4 vikur" → finnum lausan tíma í þeirri viku:



## Endurteknir tímar

Ert þú með fastakúna sem vilja eiga sinn tíma með ákveðnu millibili? Þá eru endurteknir tímar fullkomnir fyrir þig!

?

Þú velur tímann → Smellir á "Endurtaka" → Velur hversu ört endurtekningin er → Velur á hvaða dagsetingu endurtekningunni á að ljúka → Þegar það er komið sérðu hversu margar endurtekningarnar eru → "Staðfesta"

### Birna @ 15:00 - fös 31

**Viðskiptavinur**

Nafn  
Sara Jónsdóttir

Símanúmer  
+354 528 0080

Kennitala

Netfang

Minnispunktur sem fylgja viðskiptavini

Bæta við skrá

**Valinn tími** Breytingasaga

Mæting SMS Færa Afrita

Tímasetning 31 júl 2026 · 15:00

**Endurtaka** Aldrei >

Þjónusta

Dömklipping (40 min • 12.000 ISK)

Heiti þjónustu  
Dömklipping

Tegund tíma Lengd (min)  
Venjulegur 40

Pása  
0

Samtals: 40 min

**Eyða** **Afgreiða** **Vista**

### Endurtaka tíma

Aldrei

Í hverri viku

Aðra hverja viku

Á 4 vikna fresti ✓


Fleiri valkostir ▼

Endar eftir 31 des 2026 ▼

6 endurtekningar

Hætta við Staðfesta

Í hægra horninu á endurteknum tímum kemur upp merki sem gefur til kynna að tíminn endurtekur sig.



Það er hægt að færa og eyða endurteknum tíma eins og venjulegum tíma. Eini munurinn er að núna færðu valmöguleika um hvort þú viljir að breytingin eigi bara við um þennan tíma eða allar framtíðar endurtekningarnar líka.

**Að færa endurtekinn tíma:**

### Breyta endurteknum tíma

Viltu breyta þessum tíma og öllum endurtekningum af honum í framtíðinni, eða bara þessu tíma?

Bara breyta þessum tíma

Breyta öllum tímum í framtíðinni

Hætta við

**Að eyða endurteknum tíma:**

## Eyða endurtekinni bókun

Viltu eyða þessari bókun og öllum endurtekningum í framtíðinni, eða bara þessari einu bókun?

**Eyða eingöngu þessari bókun**

**Eyða öllum bókunum í framtíðinni**

**Hætta við**

---

Ekki hika við að heyra í okkur ef þú hefur einhverjar spurningar, vangaveltur eða athugasemdir. Þú getur sent okkur skilaboð í gegnum spjallbútbluna?

---